

Salur 1

Eitraðar grundir Bernard Khoury

Sýningarstjóri: Yara Zein

Text in English



Í meira en tvo áratugi hefur Bernard Khoury staðið á jaðri listarinnar, hafnað hefðum hennar, afhjúpað hræsni hennar og endurbyggt tungumál hennar. Verk hans snúast ekki um byggingar. Þau fjalla um það sem byggingar sýna þegar þær eru sviptar táknmálinu og neyddar til að tala.

Þetta er fyrsta sýning hans á Íslandi, og hún er ögrandi. Hún býður ekki upp á hlutleysi heldur dregur áhorfandann inn og gerir hann samsekan.

Khoury segir sögur sem aðrir þora ekki að snerta. Sögur fólgnar í landslagi sem einkennist af átökum, útleigð, eftirliti og freistingum. Listræn sýn hans mótar svæði sem streitast gegn friði, sem bjóða ekki upp á hreinar lausnir eða auðveldan skilning.

BO18 er eitt af hans þekktustu og umdeildustu verkum. Næturlúbbur grafinn niður í fyrrum sóttkvíarsvæði Beirút. Heimkynni plágu, átaka og pólitískra hvarfa. Khoury kaus að hylma ekki yfir þá arfleifð. Hann byggði inn í hana. BO18 vakti ekki hneyksli vegna forms síns, heldur vegna þess að verkið afhjúpaði það sem aðrir höfðu lagt sig fram við að gleyma.

Þessi hugsun liggur að baki verkunum á sýningunni. Vélar minnisins. Tæki til truflunar. Þetta eru ekki minnismerki. Þau eru virk. Þau hreyfast. Þau tala. Þau krefjast.

Listsköpun Khourys hafnar fortíðarþrá. Hún er jafnt heillandi og grimm. Innsetningar hans virkja rýmið eins og pólitísk aðgerð. Þetta eru ekki kurteislegar ábendingar heldur hvassar, ígrundaðar innrásir.

Sýningin er athyglisvert stefnumót tveggja heima. Rödd Khourys ratar hér inn í samhengi sem er ólíkt hans eigin, bæði í landslagi og sögu. En hér, á íslenskri jörð, sem er jarðfræðilega ofsafengin en pólitískt stöðug, verður áreksturinn enn spennuþrungnari.

Hvaða pýðingu hefur það að flytja verk sem spretta af óstöðugleika inn í landslag mótað af náttúruöflum? Hvað gerist þegar hávaðinn frá þjökuðum strætum Beirút fær að bergmála í þögn íslenska sveitasamfélagsins?

Þetta er ekki sýning á arkitektúr. Þetta er ekki fagurfræðilegt framlag. Þetta er innrás.

Bernard Khoury fæddist í Beirút árið 1968. Hann nam arkitektúr við Rhode Island School of Design (BFA 1990 / B.Arch 1991) og Harvard-háskóla (M.Arch 1993). Hann hlaut viðurkenningu frá borginni Róm, heiðursviðurkenningu Borromini-verðlaunanna sem veitt eru arkitektum yngri en fertugum (2001), Architecture + verðlaunin (2004), CNBC-verðlaunin (2008) og var tilnefndur til ýmissa verðlauna, þar á meðal Aga Khan-verðlaunanna (2002 / 2004 / 2021), Chernikov-verðlaunanna (2010) og Mies van der Rohe-verðlaunanna (2021). Hann var meðstofnandi Arab Center for Architecture (2008), gestaprófessor við ýmsa háskóla, þar á meðal Ecole Polytechnique Fédérale de Lausanne og L'Ecole Spéciale d'Architecture í París. Hann hefur haldið fyrirlestra og sýnt verk sín í yfir 150 stofnunum, þar á meðal á einkasýningum í Aedes-galleríinu í Berlín (2003), Spazio per l'architettura í Mílanó (2016) og fjölmörgum samsýningum, m.a. YOU prison í Fondazione Sandretto í Tórínó (2008), opunarsýningu MAXXI-safnsins í Róm (2010), Frac Architecture Biennale í Orléans (2018), Oris House of Architecture í Zagreb (2020) og Architecture Biennale í Seúl (2021). Hann var arkitekt og aðstoðarsýningarstjóri þjóðarskála Barein á Arkitektúrtvíæringnum í Feneyjum (2014). Í gegnum árin hefur hann byggt upp alþjóðlegan orðstír og fjölbreyttan verkalista í yfir fimmtán löndum. Khoury var tilnefndur af franska menningarmálaráðuneytinu sem Chevalier des Arts et des Lettres (2020).

